



**16.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga haldinn í Ráðhúsi Árborgar 8.mars 2016 kl. 14:00.**

Mætt: Ari Björn Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi Kjartansson varamaður Ragnars Magnússonar og Arna Ír Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu. Sveinn Steinarsson tók þátt í fundinum í gegnum síma.

**1. Vorfundur Héraðsnefndar Árneseinga**

Samþykkt að halda vorfund Héraðsnefndar Árneseinga miðvikudaginn 27.apríl nk. kl. 9-17 í Vatnsholti í Flóahreppi. Umræður um dagskrá. Formaður sendir endanlega dagskrá skv. niðurstöðum fundarins á fulltrúa í Héraðsnefndinni.

**2. Ráðning varaslökkviliðsstjóra**

Formaður upplýsir um ráðningu Hauks Inga Grönli í starf varaslökkviliðsstjóra. Átta sóttu um starfið og voru 4 boðaðir í viðtal.

**3. Önnur mál**

Aldís upplýsir um stöðu mála varðandi húseignina að Hrísholti 8. Búið er að ræða við leigjendur um að til standi að setja húsið á sölu. Aldís hefur verið í sambandi við fasteignasala og nú ætti allt að vera til reiðu þannig að hægt sé að setja húsið á sölu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:40.

Arna Ír Gunnarsdóttir (sign)

Sveinn Steinarsson (sign)

Ari Björn Thorarensen (sign)

Helgi Kjartansson (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)